

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	Atv.
ANR 18040217	Abm. ESO
Málal. 0.720V	Aðrir
Mæt. 16.8.2013	ANR
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	Atv.

Reykjavík 14. ágúst 2013

Efni: úrskurður í máli 3/2013 fyrir úrskurðarnefnd raforkumála

Hjálagt fylgir úrskurður í máli 3/2013 fyrir nefndinni þar sem kærð var ákvörðun Orkustofnunar frá 11. febrúar 2013.

Niðurstaða nefndarinnar í tilgreindu máli er að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi og lagt er fyrir Orkustofnun að taka tillögur Orkuveitu Reykjavíkur til efnislegrar meðferðar. Hafnað er kröfu Orkuveitu Reykjavíkur að leggja fyrir Orkustofnun að samþykkja framlagður tillögur fyrirtækis um skiptireglur.

fyrir hönd úrskurðarnefndar raforkumála



Pétur Örn Sværriðsson, formaður

Úrskurður úrskurðarnefndar raforkumála
í máli nr. 3/2013
Orkuveita Reykjavíkur
gegn
Orkustofnun

Miðvikudaginn 14. ágúst 2013, kvað úrskurðarnefnd raforkumála upp eftirfarandi úrskurð í kærumáli Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, Reykjavík, á hendur Orkustofnun, Grensásvegi 9, Reykjavík. Kærð er ákvörðun Orkustofnunar frá 11. febrúar 2013. Málið er númer 3/2013.

I
Kæruefni

Með bréfi, dags. 10. mars 2013, kærir Orkuveita Reykjavíkur, Reykjavík (OR) þá ákvörðun Orkustofnunar (OS), dags. 11. febrúar 2013, að hafna tillögum OR um breytingar á skiptireglum blandaðra jarðvarmavirkjana og að gildandi skiptireglur frá 15. desember 2011 skuli standa óbreyttar.

OR gerir þá kröfu að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og að lagt verði fyrir OS að taka efnislega afstöðu til skiptireglu OR fyrir blandaðar jarðvarmavirkjanir fyrirtækisins og samþykkja hana.

II
Málsatvik

Á árinu 2007 staðfesti OS með vísan til 7. gr. raforkulaga nr. 65/2003 (raforkulög) leiðbeiningar um aðskilnað bókhalds fyrir blandaðar jarðvarmavirkjanir. Leiðbeiningarnar voru unnar í samráði við hagsmunaaðila (Hitaveitu Suðurnesja, Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur) og að fenginni ráðgjöf sérfræðinga. Í leiðbeiningunum var m.a. mælt fyrir um hvernig skuli skipta sameiginlegum kostnaði sem ekki er hægt að heimfæra beint á raforkuvinnslu og aðra hluta orkuvers (skiptireglur). Í gildandi leiðbeiningum frá 15. desember 2011 er vísað til þessa samráðs.

Á fundi sem OS hélt með OR 19. júní 2012 lýsti OR yfir óánægju sinni með skiptireglurnar. Með tölvupósti, dags. 6. september 2012, óskaði OS eftir formlegu erindi OR þar sem gerð yrði grein fyrir afstöðu OR og forsendum hennar. Í bréfi OR til OS, dagsettu sama dag, fór OR fram á að OS endurskoðaði leiðbeiningarnar. Í bréfinu voru færð rök fyrir því að reglur um kostnaðarskiptingu jarðvarmavirkjana milli varmaframleiðslu og rafmagnsframleiðslu leiddu til þess að of stór hluti sameiginlegs kostnaðar færðist á rafstöðina í tilviki Hellisheiðarvirkjunar. Að auki setti OR fram tillögur um breytta skiptingu þar sem lagt var til að skipting á sameiginlegum kostnaði yrði tvíþætt, þ.e. annars vegar að skipting á afskriftum og föstum rekstrarkostnaði yrði skipt eftir uppsettu afli virkjunarinnar og hins vegar yrði breytilegum rekstarkostnaði skipt á sama hátt og nú en vægi hans lækkað í 10%.

OS svaraði erindi OR með bréfi dags. 23. október 2012. Þar vakti OS athygli á því að gildandi leiðbeiningar hefðu verið samdar í samráði og samkomulagi við viðkomandi orkufyrirtæki og að fenginni ráðgjöf sérfræðinga. Taldi OS að ekki væri ástæða til breytinga nema aðilar samkomulagsins væru um það sammála. Þá sagði í bréfi OS:

Sé það mat Orkuveitu Reykjavíkur að forsendur samkomulagsins séu brostnar telur Orkustofnun eðlilegt að Orkuveita Reykjavíkur leggi fram drög að nýju samkomulagi, ásamt rökstuðningi, sem grundvöll nýrra leiðbeininga og/eða tillögu að nýjum leiðbeiningum sem aðrir aðilar samkomulagsins geti tekið afstöðu til fyrir milligöngu Orkustofnunar.

OS veitti OR frest til 1. desember til að leggja fram slíkar tillögur.

Með bréfi dagsettu 30. nóvember 2012 lýsti OR því yfir að fyrirtækið hefði í fyrri samskiptum sínum við stofnunina sýnt fram á að tilefni væri til breytinga á leiðbeiningum OS. Þá lagði OR til ákveðna skiptireglu fyrir fyrirtækið og fór með vísan til 41. gr. raforkulaga fram á að OS staðfesti tillöguna. OR lagði til að fyrirtækið fylgdi leiðbeiningum OS um aðskilnað bókhalds blandaðra jarðvarmavirkjana frá 15. desember 2011 með frávikum að því er varðar skiptingu sameiginlegs kostnaðar. Í bréfi OR var lagt til að skiptiregla Orkuveitu Reykjavíkur yrði eins og leiðbeiningar OS um aðskilnað bókhalds blandaðra jarðvarmavirkjana kveða á um að því frátöldu að kaflinn „Skipting sameiginlegs kostnaðar“ yrði svo hljóðandi:

Skipta skal sameiginlegum kostnaði árlega í samræmi við verðmæti orkunnar og með hliðsjón af uppsettu aflí hvors starfsþáttar um sig. Verðmæti orku er samsett úr afl- og orkuþætti. Í tilfelli afskrifta, fjármagnskostnaðar og fasts rekstarkostnaðar skal þeim kostnaðarþáttum kostnaði (sic) skipt í hlutföllum uppsetts afltopps og uppsetts hámarksrennslis. Í tilfelli breytilegs rekstarkostnaðar skal honum skipt að helmingi í hlutföllum útreiknaðs afltopps og hámarksrennslis og að helmingi í hlutföllum framleiddrar orku og magns.

Í bréfi OR var ofangreind lýsing á skiptingu kostnaðar einnig sett upp í reikniformúlu.

OS óskaði eftir umsögn HS Orku, Landsvirkjunar, Orkuveitu Húsavíkur og Samkeppniseftirlitsins um tillögurnar. Einungis barst umsögn frá Samkeppniseftirlitinu dags. 11. janúar 2013. Í umsögn þess kom fram að ekki væri ástæða til að breyta gildandi skiptireglum. Samkeppniseftirlitið varaði við tillögu OR þar sem hún gæti leitt til kostnaðarfærslu óháð eiginlegri starfsemi og framleiðslu. Að mati eftirlitsins væri sameiginlegum kostnaði jarðvarmavirkjana ekki skipt í samræmi við vægi framleiðslu á rafmagni og heitu vatni kynni það að „brensla eðlilega verðlagningu viðkomandi afurða og raska samkeppni“.

OS tók ákvörðun þann 11. febrúar 2013 án þess að leita umsagnar OR vegna álits Samkeppniseftirlitsins. Í ákvörðuninni hafnaði OS tillögum OR og tók fram að núverandi uppfærðar leiðbeiningar, dags. 15. desember 2011, skyldu gilda áfram. Til stuðnings ákvörðuninni vísaði OS til umsagnar Samkeppniseftirlitsins og til

Þess að skiptireglurnar hefðu verið unnar í samráði við hagsmunaaðila, þær samræmdust 5. mgr. 41. gr. raforkulaga og meginviðmiðum 6. mgr. sömu lagagreinar.

III Málsmeðferð

Úrskurðarnefndinni barst kæra OR með bréfi dags. 10. mars 2013. Með bréfi dags. 14. apríl 2013 óskaði úrskurðarnefndin umsagnar OS fyrir 7. maí 2013. Umsögn OS barst nefndinni með bréfi dags. 29. apríl 2013. Umsögnin var send OR með bréfi dags. 10. júní 2013 þar sem OR var gefinn kostur á andmælum til 24. júní 2013. Andmæli OR bárust nefndinni með bréfi, dags. 24. júní 2013.

IV Málsástæður og rök kæranda

OR telur að OS hafi andstætt 5. mgr. 41. gr. raforkulaga nr. 65/2003 (raforkulög) lagt til grundvallar ákvörðun sinni að sama skiptiregla skuli gilda um öll raforkufyrirtæki sem reka blandaðar jarðvarmavirkjanir. OR vísar til orðalags 5. mgr. 41. gr. og dregur þá ályktun að ákvæðið geri beinlínis ráð fyrir því að einstök fyrirtæki skili OS tilteknum upplýsingum. Beiðni OR frá 30. nóvember 2012 hafi lotið að staðfestingu á skiptireglum fyrir OR en ekki breytingum á skiptireglum fyrir öll orkufyrirtæki.

OR telur að leiðbeiningar OS frá 15. desember 2011 séu ekki bindandi og feli ekki í sér ófrávikjanlega reglu um skiptingu sameiginlegs kostnaðar í blönduðum jarðvarmavirkjunum. Um sé að ræða viðmið sem fyrirtækin geti stuðst við. Í því sambandi bendir OR á að í inngangi leiðbeininganna segi að um sé að ræða „leiðbeiningar um hvernig kostnaði skuli skipt og jafnframt hvernig gera skuli grein fyrir tekjum, þ.a. afkoma einstakra rekstrarþátta megi vera ljós”. Séu forsendur einstakra fyrirtækja hins vegar aðrar en þær sem liggja til grundvallar leiðbeiningunum eigi OS skv. 5. mgr. 41. gr. raforkulaga að taka tillögu viðkomandi fyrirtækis til efnislegrar skoðunar og ganga úr skugga um hvort að útreikningur á afkomu einstakra rekstrarþátta og skiptingu á sameiginlegum kostnaði sé í samræmi við viðtekna reikningsskilavenju. OR heldur því fram að tillögur fyrirtækisins uppfylli þessa kröfu ákvæðisins og beri stofnuninni því að samþykkja þær.

OR heldur því fram að gildandi skiptireglur leiði til þess að of hár kostnaður er færður á raforkuhluta Hellisheiðarvirkjunar sem skekki samkeppnisstöðu hennar á raforkumarkaði. Til stuðnings þessa bendir OR á að líftímakostnaður jarðgufuvirkjunar felist nær allur í upphafs fjárfestingunni, sem er beintengd því afli sem áætlað er að framleiða (uppsett afl virkjunar). Í sambyggðum jarðgufuvirkjunum gildi þetta jafnt um raforku og varma. Árlegur rekstrarkostnaður Hellisheiðarvirkjunar sé einungis lítill hluti af árlegum tekjum virkjunarinnar. Afgangurinn fari til að þjónusta afskriftir og fjármagnsliði. Þá bendir OR á að veigamikill munur sé á sölufyrirkomulagi raforku og varma. Raforka sé að bróðurparti seld í langtímasamningum til stórnotenda og salan hefjist nánast um leið og virkjunin er tilbúin. Uppbyggingu á varmasölu þurfi hins vegar að miða við þróun eftirspurnar á almennum markaði sem sé háð nýbyggingum og veðurfari. Fjárfesting í sameiginlegum búnaði til framleiðslu á heitu vatni sé þó til staðar frá upphafi en nýttist

ekki. Óeðlilegt sé að kostnaður vegna þess hluta varmaframleiðslu sem ekki nýtist vegna markaðsaðstæðna sé lagður á raforkuframleiðslu. Kostnaður vegna varmaframleiðslu sé þá í raun ranglega færður á raforkuframleiðsluna sem skekki samkeppnistöðu virkjunarinnar á raforkumarkaði.

OR bendir á að þar sem varmaframleiðsla og sala á heitu vatni eykst í áföngum í tilviki Hellisheiðarvirkjunar sé aðstaða OR vegna Heillisheiðarvirkjunar önnur en annarra fyrirtækja sem starfrækja blönduð jarðvarmaorkuver sem nýta hámarksafi virkjana við framleiðslu á heitu vatni og raforku. OR telur að OS hafi ekki tekið tillit til þessa og hafi því brotið gegn jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga.

Þá telur OR að OS hafi brotið gegn rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga þar sem OS hafi ekki byggt ákvörðunina á sjálfstæðri athugun á raunverulegum gögnum. Tilvísun til umsagnar Samkeppniseftirlitsins nægi ekki þar sem í umsögninni séu ekki gefnar forsendur fyrir niðurstöðu stofnunarinnar eða rök fyrir „hugleiðingum” stofnunarinnar um áhrif tillagna OR.

V

Umsögn Orkustofnunar og andmæli kæranda

Í umsögn OS kemur fram að stofnunin telji að ákvörðunin samræmist efni 41. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Gildandi skiptireglur hafi verið ákveðnar eftir samráð við hagsmunaaðila og þær grundvallaðar á meginviðmiðum 6. mgr. 41. gr. laganna.

Þá kemur fram OS hafi sinnt rannsóknarskyldu sinni með því að senda tillögu OR til hagsmunaaðila og Samkeppniseftirlitsins. Með því hafi einnig verið gætt að jafnræði „með aðilum máls”. Þá segir að þar sem “núverandi skiptireglur gilda fyrir allar jarðvarmavirkjanir á jafnræðisregla stjórnsýsluréttar og samkeppnissjónarmið við um skiptireglurnar”. Úrskurðarnefndin telur að skilja verði hin tilvitnuðu orð OS svo að stofnunin líti svo á að það þjóni jafnræðis- og samkeppnissjónarmiðum að láta sömu skiptireglur gilda um öll fyrirtæki á raforkumarkaði.

Í andmælum OR vegna umsagnar OS eru fyrri kröfur og rök OR ítrekuð. Auk þess sem OR gerir athugasemd við það vinnulag OS að senda skiptireglur fyrirtækisins ásamt upplýsingum um kostnaðarþætti í samkeppnisrekstri til samkeppnisaðila OR. Þetta telur OR vera óeðlileg vinnubrögð og möguleg ólögmætt.

VI

Niðurstaða

Í málinu er deilt um hvort hin kærða ákvörðun OS samræmist ákvæðum 5. og 6. mgr. 41. gr. raforkulaga, samkeppnissjónarmiðum og jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga. Þá er um það deilt hvort OS hafi gætt að rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga.

Eins og fram kemur í 1. gr. raforkulaga eiga lögin m.a. að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku. Grunnforsenda þess að svo verði er að skilið sé á milli samkeppnisstarfsemi raforkufyrirtækja og sérleyfis- og einokunarstarfsemi þeirra. Í samræmi við framangreint markmiðsegir í 1. mgr. 7. gr. laganna að vinnslufyrirtæki sé heimilt að stunda sérleyfisstarfsemi en því sé óheimilt að niðurgreiða vinnsluna með slíkri starfsemi eða starfsemi sem hafi sambærilega

stöðu. Þá segir að vinnslufyrirtæki skuli í bókhaldi sínu halda reikningum fyrir vinnslustarfsemi aðskildum frá annarri starfsemi. Jarðvarmaorkuver geta bæði framleitt raforku og heitt vatn til hitaveitustarfsemi sem alla jafna byggir á sérleyfi eða er í sambærilegri stöðu. Um fyrirtæki sem starfrækja jarðvarmaorkuver sem bæði vinnur raforku og aðra orku segir í 1. mgr. 7. gr. raforkulaga að fyrirtækin skuli:

í bókhaldi sínu halda reikningum vegna vinnslu raforku aðskildum frá reikningum vegna annarrar vinnslu.

Þá segir einnig:

Um bókhaldslegan aðskilnað og verðlagningu fyrir afhendingu á slíkri varmaorku fer skv. 41. gr. Rísi ágreiningur um verðlagninguna sker Orkustofnun úr.

Um reikningsskil vinnslufyrirtækja sem starfrækja jarðvarmaorkuver sem vinnur raforku og afhendir aðra orku, svo sem heitt vatn eða gufu, er fjallað í 5. og 6. mgr. 41. gr.

Í 5. mgr. 41. gr. segir:

... skal fyrirtækið gera grein fyrir afkomu einstakra rekstrarþátta í ársreikningi. Skila skal Orkustofnun skýrslu um afkomuna í því formi sem stofnunin ákveður. Útreikningur á afkomu einstakra rekstrarþátta og skiptingu á sameiginlegum kostnaði skal vera í samræmi við viðtekna reikningsskilavenju, enda hafi skiptireglurnar hlotið samþykki Orkustofnunar. Hliðstæðar reglur gilda um skiptingu sameiginlegra afskrifta og fastafjármuna.

Þá segir í 1. málsl. 6. mgr. 41. gr.:

Fallist Orkustofnun ekki á skiptireglur fyrirtækisins skv. 5. mgr. skal hún taka rökstudda ákvörðun þar um innan sex vikna frá því að óskað var eftir samþykki hennar á skiptireglum.

Frumvarpið sem varð að raforkulögum nr. 65/2003 tók nokkrum breytingum í meðförum Alþingis og þar á meðal 41. gr. þess. Í greininni, eins og hún hljóðaði þegar frumvarpið var lagt fyrir Alþingi, var að finna skiptireglu sem útfæra skyldi nánar í reglugerð (Alþt. 2002-2003, þskj. 700 – 462. mál). Samkvæmt frumvarpinu skyldu fyrirtækin leggja skiptireglu laganna til grundvallar nema OS samþykkti beiðni þeirra um annan skiptigrundvöll. Í frumvarpinu var því gert ráð fyrir að öll orkufyrirtæki fylgdu sömu skiptireglu nema þau gætu rökstutt annan skiptigrundvöll. Meirihluti iðnaðarnefndar lagði til að þessari reglu yrði breytt og var hún færð í núverandi horf. (Alþt. 2002-2003, þskj. 1231 – 462. mál). Í framangreindu álitni segir m.a. að breytingarnar eigi:

... að leiða til þess að fyrirtækin setji fyrst fram tillögu um hvernig bókhaldslegur aðskilnaður verði framkvæmdur en Orkustofnun grípi inn í einungis ef skiptireglur fyrirtækjanna eru óeðlilegar með hliðsjón af markmiðum aðskilnaðarins (Alþt. 2002-2003, þskj. 1230 – 462. mál).

Af orðalagi tilvitnaðra ákvæða 41. gr. raforkulaga verður ekki annað ráðið en að hverju orkufyrirtæki sé ætlað að setja fram skiptireglur fyrir fyrirtækið, sbr. einkum 1. málsl. 6. mgr. 41. gr. þar sem vísað er til þess að Orkustofnun taki afstöðu til skiptireglna „fyrirtækis“. Þær breytingar sem Alþingi gerði á frumvarpinu skv. tillögu meirihluta iðnaðarnefndar Alþingis og skýringar nefndarinnar með tillögunni sýna einnig að stjórnvöldum var ekki ætlað að ákveða almennar skiptireglur. Orkustofnun er þess í stað falið að leggja mat á og taka afstöðu til skiptireglna hvers fyrirtækis. Við það mat verður Orkustofnun að gæta lögmætra sjónarmiða. Skiptireglur fyrirtækja skulu staðfestar ef þær samræmast viðteknum reikningsskilavenjum og markmiðum aðskilnaðarins, þ.e. að koma í veg fyrir að samkeppnisrekstur sé niðurgreiddur af sérleyfisstarfsemi eða starfsemi í sambærilegri stöðu. Synji OS beiðni fyrirtækis um staðfestingu ber stofnuninni að rökstyðja sérstaklega ástæður synjunarinnar, sbr. 1. málsl. 6. mgr. 41. gr. raforkulaga.

OS byggir synjun á staðfestingu á skiptireglum OR annars vegar á þeim rökum að gildandi reglur hafi verið ákveðnar eftir samráðsferli við hagsmunaaðila. Hins vegar vísar OS til þess álits Samkeppniseftirlitsins að tillaga OR kunni að leiða til kostnaðarfærslu óháð eiginlegri starfsemi og framleiðslu sem kunni að brensla eðlilega verðlagningu viðkomandi afurða og raska samkeppni. Ekki eru færð frekari rök fyrir þeirri staðhæfingu.

Um fyrri rök OS er það að segja að fyrirtækjum á orkumarkaði er frjálst að fallast á sameiginlegar skiptireglur og getur OS þá staðfest slíkar sameiginlegar reglur enda uppfylli þær áðurnefnd skilyrði 5. mgr. 41. gr. raforkulaga. Þá er OS heimilt án sérstakrar lagastöðar að birta almenn viðmið um bókhaldslegan aðskilnað fyrirtækjum til leiðbeiningar. Hins vegar verður ekki ráðið af tilvitnuðum ákvæðum 41. gr. raforkulaga eins og þau hafa verið skýrð hér að framan að OS sé heimilt að krefjast þess af fyrirtækjum að þau bindist slíku samkomulagi. Þá er þar heldur ekki að finna heimild fyrir OS til að setja almennar ófrávíkjanlegar reglur á grundvelli samkomulags fyrirtækja.

Samkeppnis- og jafnræðisrök leiða heldur ekki til þess að óhjákvæmilegt sé að láta sömu skiptireglur eiga við um öll fyrirtæki. Jafnræðisregla stjórnvöldulaga krefst þess að farið sé með ólík tilvik með ólíkum hætti. Þá getur það skekkt samkeppnisstöðu fyrirtækja ef sömu skiptireglum er beitt óháð t.d. rekstrarforsendum. Með hliðsjón af því og framagreindri túlkun á ákvæðum 41. gr. raforkulaga var OS því ekki rétt gera það að skilyrði fyrir afgreiðslu erindis OR að aðilar að fyrirbyggjandi samkomulagi væru sammála tillögum OR, sbr. bréf OS dags. 23. október 2012. Þá gat það samráðsferli og samkomulag sem lá til grundvallar leiðbeiningum OS ekki haft þýðingu við mat á því hvort rétt væri að staðfesta tillögur OR um skiptireglur fyrir fyrirtækið.


Það leiðir hins vegar af banni 1. mgr. 7. gr. raforkulaga við niðurgreiðslu á raforkuvinnslu með sérleyfisstarfsemi eða sambærilegri starfsemi og tilgangi reglna 41. gr. laganna um bókhaldslegan aðskilnað að OS þar að leiða í ljós hvort tillögur OR fælu í sér ólögmætar niðurgreiðslur á vinnslustarfsemi. Álitsumleitan OS hjá Samkeppniseftirlitinu var mikilvægur liður í þeirri athugun og gaf efni álitsins ástæðu til að kanna tillögur OR nánar. Álitid gat hins vegar ekki verið grundvöllur synjunar á tillögum OR án frekari rannsóknar OS. Ljóst er að álitid hafði verulega þýðingu við úrlausn málsins. Bar OS því í samræmi við andmæla-reglu 14. gr. stjórnvöldulaga að


gefa OR færi á að bregðast við álitinu og koma að andmælum. Það gerði OS ekki. Af þessum sökum og þar sem önnur sjónarmið sem niðurstaðan byggðist á samræmast ekki réttum lagaskilningi, er það niðurstaða nefndarinnar að rétt sé að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi og fela OS að taka tillögu OR á ný til efnislegrar meðferðar. Úrskurðarnefndin fellst hins vegar ekki á þá kröfu OR að OS sé gert að samþykkja tillögurnar enda kann nánari rannsókn OS að leiða í ljós að óbreyttar tillögur OR samræmist ekki bannreglu 1. mgr. 7. gr. raforkulaga.

Uppkvaðning úrskurðar hefur tafist nokkuð. Stafar það einkum af breytingum á skipan nefndarinnar á málsmeðferðartímanum og sumarleyfum.

Úrskurðarorð

Felld er úr gildi ákvörðun Orkustofnunar, dags. 11. febrúar 2013, um að hafna tillögum Orkuveitu Reykjavíkur um skiptireglur fyrir fyrirtækið og að skiptireglur leiðbeininga Orkustofnunar um bókhaldslegan aðskilnað, dags. 15. desember 2011, skuli gilda áfram. Lagt er fyrir Orkustofnun að taka tillögur Orkuveitu Reykjavíkur aftur til efnislegrar meðferðar í samræmi við 41. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Hafnað er beiðni Orkuveitu Reykjavíkur um að leggja fyrir Orkustofnun að samþykkja framlagðar tillögur fyrirtækisins um skiptireglur.


Petur Örn Sverrisson,
formaður


Kristín Haraldsdóttir


Sandra Franks